

# ÁRSSKÝRSLA 2005





# UMHVERFISSTOFNUN ÁRSSKÝRSLA 2005

## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR .....	3
HLUTVERK OG UPPBYGGING STOFNUNARINNAR .....	4
Skipurit og viðfangsefni .....	4
FJÁRMÁL OG REKSTUR .....	5
Starfsmannamál .....	7
NOKKRIR VIÐBURÐIR ÁRSINS 2005 .....	8
Rjúpnaveiði hófst eftir friðun .....	8
Hvatningarátak um hóflega rjúpnaveiði .....	8
Útstreymi þávirkra lífrænna efna í andrúmsloft .....	8
Starfsleyfi og eftirlit með olíubirgðastöðvum .....	9
Vátryggingar vegna bráðamengunartjóns .....	9
EMAS .....	9
Endurheimt votlendis .....	10
Norraen matvælaráðstefna .....	10
Borðæfing vegna viðbragðsáætlana um matarsýkingar .....	10
Varnarefni í matvælum .....	10
PCR greiningar veira í matvælum .....	11
Sannprófun 2ja aðferða við mælingar á sjúkdómsvaldandi örverum .....	11
Úr tjaldi í skála-styrkur frá breska sendiráðinu .....	11
Styrkir úr Pokasjóði Á.T.V.R og frá Ferðamálaráði Íslands .....	11
LEYFISVEITINGAR, UMSAGNIR OG STARFSLEYFISSKILYRÐI .....	12
NOKKUR VERKEFNI ÁRSINS 2005 .....	13
Umhverfisfræðsla fyrir börn og unglings .....	13
Þjóðgarðurinn Skaftafell .....	13
Matarsýklar og hópsýkingar .....	14
Eftirlitshandbók fyrir matvælaeftirlit .....	14
Vöktn eitraðra svifþörunga í hafinu við Ísland .....	15
Gæði baðvatns .....	15
Grænt bókhald fyrirtækja .....	16
Samningur um alþjóðaverslun með tegundir dýra og plantna í útrýmingarhættu .....	16
Umhverfismat 2005 .....	17
Útreikningar arðs vegna hreindýraveiða tengdir gagnagrunni .....	17
Endurbætur á skilavef og gagnasafnskerfi .....	17
ÚTGÁFA UMHVERFISVÍSA HJÁ UMHVERFISSTOFNUN .....	18
STARFSMANNAFÉLAG UMVERFISSTOFNUNAR .....	19
VIÐAUKAR .....	20

UST-2006:04

Hönnun, umbrot og prentun: Gutenberg

Ljósmyndir: Snævarr Guðmundsson, Kristján Maack,

Jóhann Óli Hilmarsson auk starfsmanna Umhverfisstofnunar

Forsíðumynd: Árni Bragason

## INNGANGUR

Umhverfisstofnun hefur nú lokið þriðja starfsári sínu. Verklag hefur mólast mikið á þessum þremur árum, en enn er þó fullsnemmt að segja að verksvið og verkferlar séu komin í fastar skorður.

Starfsárið var annasamt eins og kemur fram í ársskýrslunni, enda eru þeir málaflokkar sem Umhverfisstofnun kemur að, stöðugt að verða umfangsmeiri í samfélaginu. Eðli máls samkvæmt fer mikill og aukinn kraftur í afgreiðslu stjórnsýslumála, svo sem leyfisveitingar og eftiryfigni með þeim. Ennfremur hefur starfsemi hvað varðar náttúruvernd og rekstur friðlýstra svæða aukist hraðfara með auknum fjárveitingum.

Ríkisstjórnin ákvað á síðasta ári að sameina flestar rannsóknarstofur á hennar vegum sem starfa að matvælarannsóknum. Tillögur gera ráð fyrir að rannsóknarstofa Umhverfisstofnunar verði þar með. Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að framtíðarskipan þessara mála verði með þeim hætti að stofnuninni verði gert kleift að fá þær upplýsingar úr opinberum eftirlitsrannsóknum sem hún þarf til að geta sinnt lögboðnu hlutverki sínu á sviði matvælaöryggis.

Hvað varðar innra starf kom endurgerð starfsmannahandbók út á síðasta ári. Umhverfisstofnun leggur metnað sinn í að vera með virka starfsmannastefnu, enda er starfsfólk sú auðlind sem hún byggir starf sitt á. Þá var að mestu lokið við gerð höfuðgæðahandbókar sem ætlunin er að innleiða á yfirstandandi ári.

Mikið starf var unnið í fræðslumálum á árinu þar sem stofnunin lítur svo á að ein virkasta leið til hreinna umhverfis, öruggari matvæla og umgengni í sátt við náttúruna sé að upplýsa almenning, fyrtækni og stjórvöld um hvað er í húfi og hvaða leiðir komi að gagni.

Hlutverk Umhverfisstofnunar markast af um 40 lögum. Þeirra helst eru lög nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun, nr. 44/1999 um náttúruvernd, nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 15/1994 um dýravernd, nr. 93/1995 um matvæli, nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og nr. 55/2003 um meðferð úrgangs. Reglugerðir sem tiltaka hlutverk stofnunarinnar eru um 230. Mér er til efs að nokkur önnur ríkisstofnun hafi jafn viðfeðmt hlutverk og Umhverfisstofnun. Hið yfirgripsmikla hlutverk Umhverfisstofnunnar er að hluta til samræmis við þá þróun er á sér stað innan vestrænnar stjórnsýslu, og kemur meðal annars fram í regluverki sem fylgir samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, þar er þróunin sú að ríkisvaldið dregur sig sífellt meira úr virkri þátttöku í atvinnulífinu, en fylgist með að framkvæmd sem varðar almannahagsmuni sé í samræmi við lög og reglur. Í raun þýðir þetta að stjórnsýsluverkefni sem atvinnuráðuneyti og undirstofnanir þeirra hafa sinnt, hafa orðið almennari og færst til ráðuneyta og stofnana sem eru ekki bundin hagsmunum tiltekinnar atvinnugreinar.

Verkefni stofnunarinnar sem eru annars vegar til komin vegna innlendra áhersla og hins vegar vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hafa vaxið hraðar en fjárveitingar. Þetta þýðir að vinnaúlag á starfsmönnum er orðið mjög mikið og veldur því að svigrúm stofnunarinnar til að bæta við sig verkefnum er sem næst horfið.

Það var í ljósi þess sem undirritaður óskaði, í samráði við ráðuneytið, eftir stjórnsýsluendurskoðun á starfi stofnunarinnar. Við því var orðið og það er von okkar hjá stofnuninni að sú endurskoðun megi leiða til þess að verklag verði bætt, en ekki síður hitt að fjármunir til verka verði í samræmi við verkefni sem búið er að fela stofnuniinni.

Mars 2006  
Davíð Egilson

# HLUTVERK OG UPPBYGGING STOFNUNARINNAR

Umhverfisstofnun starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun. Hlutverk hennar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Umhverfisstofnun heyrir undir umhverfisráðuneytið.

- **Heilnæmt umhverfi** – að athafnir mannsins og þau efni sem hann notar og framleiðir spilli ekki að óþörfu auðlindum landsins og vistkerfi.
- **Öryggi neytenda** – að matvæli, aðrar neyslu- og efnavörur valdi ekki heilsutjóni, slysum á fólk eða mengun.
- **Sjálfbær nýting** – að ekki sé gengið á rétt viðkomandi kynslóða til lífsgæða.

## Skipurit og viðfangsefni

Sviðaskipting innan stofnunarinnar endurspeglar meginlinur í verkefnum. Innan sviða starfa fageiningar um einstök mállefni. Sum mállefni ganga þvert á nokkur eða öll svið stofnunarinnar.


- **Fjárhags- og rekstrarsvið**. Fjármála- og eignumsýsla, starfsmannahald, fræðslumál, gæðamál og almennur rekstur stofnunarinnar. Fjárhags- og rekstrarsvið er stoðsvið við önnur svið stofnunarinnar  
Forstöðumaður: Þórey I. Guðmundsdóttir.
- **Framkvæmda- og eftirlitssvið**: Ráðgjöf og framfylgd laga og reglugerða á sviði mengunarvarna, efnavöru, hollustuhátt og náttúruverndar. Umsjón með umhverfisvöktun.  
Forstöðumaður: Helgi Jansson.
- **Matvælasvið**: Reglugerðir, leyfisveitingar, forvarnir, fræðsla og

eftirlit á sviði matvæla og erfðabreyttra lífvera.

Forstöðumaður: Elín Guðmundsdóttir.

- **Náttúruverndar- og útvistarsvið**: Undirbúnungur og framkvæmd friðlýsinga, rekstur þjóðgarða og friðlýstra svæða.  
Forstöðumaður: Árni Bragason.
- **Stjórnsýslusvið**: Reglugerðir, umsagnir, útgáfa starfsleyfa og annarra leyfa á sviði dýraverndar, efna og efnavöru, mengunarvara og náttúruverndar.  
Forstöðumaður: Sigurbjörg Gísladóttir.
- **Veidiðistjórnarsvið**: Yfirumsjón með fuglaveiðum og veiðum á landspendýrum. Útgáfa veiðikorta.  
Forstöðumaður: Áki Á. Jónsson.
- **Rannsóknarstofa**: Eftirlitsmælingar og öryggisþjónusta á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Sjálfstæð hvað varðar þann hluta er snýr að samkeppnisrekstri.  
Framkvæmdastjóri: Viggó Þ. Marteinsson.

Fjöldi þverfaglegra verkefna eru unnin á stofnuninni. Þessi verkefni eru ekki afmörkuð við einstök svið og eru t.d. lögfrædimál, gæðamál, skil upplýsinga til erlendra samninga, bráðaviðbrögð, umsagnir um mat á umhverfisáhrifum, lifríkismál auk samskipta við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.



## FJÁRMÁL OG REKSTUR

Umhverfisstofnun fær bókhaldsbjónustu hjá Fjársýslu ríkisins, en vegna anna hefur Fjársýslan ekki lokið uppgjöri þegar þetta er skrifað (11. mars 2005) og sýna neðangreindar tölur ekki endanlegt uppgjör.

Heildarvelta Umhverfisstofnunar miðað við óstaðfest uppgjör fyrir árið 2005 er um 824,7 m kr. Þar af eru sértekjur um 201,2 m kr, ríkistekjur um 6,5 m kr. og markaðar tekjur um 82,4 m kr. Helstu sértekjur stofnunarinnar eru tjaldleiga í þjóðgörðum, örveru- og efnarannsóknir fyrir fyrirtæki og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga auk útseldrar vinnu sérfræðinga. Mengunareftirlitsgjöld teljast til ríkistekna og leyfi vegna hreindýraveiða, veiðikortaleyfi og útgáfa starfsleyfa flokkast sem markaðar tekjur.





Þegar litið er til skiptingu gjalda hjá stofnuninni er launakostnaður langstærsti gjaldaliðurinn eða um 51%. Aðkeypt þjónusta er um 15%, sem stafar m.a. af uppbryggingu á Gljúfrastofu í þjóðgarðinum Jökulsárgljúfur. Húsnaðiskostnaður er 10%. Tilfærslur til annarra aðila eru m.a. arðgreiðslur til hreindýrabænda, endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða auk annarra greiðslna.

Áætlaður afgangur á rekstri stofnunarinnar af fjárheimild fyrir árið 2005 er 28 m kr. en höfuðstóll yfir áramót er 10,9 m kr. Þess ber að geta að uppgjör rekstrarreiknings fyrir árið 2005 fylgir sömu framsetningu og Ríkisendurskoðun hefur notað við uppgjör stofnunarinnar. Sú framsetning sýnir hins vegar ekki raunsanna mynd af fjárhagstöðu stofnunarinnar. Inni í uppgjörinu er innistæða í sjóðum sem stofnunin hefur umsjón með en hefur ekki áhrif á rekstur hennar. Þá koma fjármunir og fjárheimildir sem stofnunin hefur fengið vegna verkefna inn í fjárheimild 2005, en eftir er að gjaldfæra útgjöldin á móti sem stofnað verður til á árinu 2006. Þegar litið er til þessara þátta er líklegt að eiginfjárstaða stofnunarinnar verði neikvæð um 23,0 m kr. í árslok. Miðað við óstaðfest uppgjör hefur Umhverfisstofnun tekist að bæta eiginfjárstöðuna um 7,0 m kr. vegna rekstrahalla sem myndaðist árið 2004. Það er í samræmi við áætlanir stofnunarinnar.

Meðfylgjandi skifurit sýnir skiptingu heildargjalda árið 2005 greind á rekstrarliði.

Auk þess eru súlurit sem sýna skiptingu tekna og gjalda hjá stofnuninni árin 2003 til 2005.

Stofnunin hefur umsjón með um 40% Evrópugerða sem Ísland hefur skuld-bundið sig til að innleiða og skýrir það að hluta til háan ferðakostnað stofnunarinnar, sem er um 6% af heildarkostnaði. Meðfylgjandi er súlurit sem sýnir fjölda Evrópugerða sem komnar eru inn í EES samninginn og stofnunin sér um.



## REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2005

(BRÁÐABIRGÐARTÖLUR)

<b>TEKJUR:</b>	(þús. kr.)	<b>2005</b>	<b>2004</b>
Sértekjur		201.199	186.106
Markaðar tekjur		82.418	64.626
Aðrar rekstrartekjur		6.468	7.926
<b>Tekjur samtals</b>		<b>290.085</b>	<b>258.658</b>
<b>GJÖLD:</b>			
Launagjöld og launatengd laun		425.925	405.168
Ferða- og fundarkostnaður		51.985	53.114
Rekstrarvörur		32.962	36.767
Aðkeypt þjónusta		125.859	124.665
Húsnæðiskostnaður		78.321	66.587
Bifreiðakostnaður		6.522	6.534
Tilfærslur		96.159	70.452
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>817.733</b>	<b>763.287</b>
Eignakaup		5.585	29.022
<b>Gjöld samtals</b>		<b>823.318</b>	<b>792.309</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		1.375	1.662
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir fjárheimild</b>		<b>(534.608)</b>	<b>(535.313)</b>
Framlag ríkissjóðs		562.700	518.600
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>		<b>28.092</b>	<b>(16.713)</b>
<b>Höfuðstóll í árslok</b>			
Fjárheimild flutt frá fyrra ári		(17.174)	(461)
<b>Fjárheimild flutt yfir á næsta ár</b>		<b>10.918</b>	<b>(17.174)</b>

Þess ber að geta að uppgjör rekstrarreiknings fyrir árið 2005 eins og það er fram sett sýnir ekki raunsanna mynd af fjárhagsstöðu Umhverfisstofnunar. Sjá skýringar í texta.

## STARFSMANNAMÁL

Í árslok 2005 voru starfsmenn stofnunarinnar 85 að tölu, 45 konur og 40 karlar. Ársverk voru rúmlega 82. Starfsmannavelta ársins var 8% sem er þremur prósentum hærri en árið áður. Þetta skýrist af því að tveir starfsmenn fóru á eftirlaun og einn í tveggja ára launalaust leyfi. Fjölgun starfsmanna frá upphafi stofnunarinnar hefur aðallega verið á landsbyggðinni. Við myndun stofnunarinnar voru stöðugildi á landsbyggðinni 7,5 en eru í árslok 2005 orðin 15.


Landverðir og verkamenn eru ráðnir yfir sumarmánuðina í störf í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum. Samtals unnu 44 sumarstarfsmenn hjá Umhverfisstofnun árið 2005. Þessu til viðbótar hefur orðið mikil fjölgun sjálfboðaliða í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum sem eru ekki inni í ofangreindum tölum.

Menntunarstig starfsmanna stofnunarinnar er frekar hátt, um 71% starfsmanna hafa lokið námi á háskólastigi og meðalaldur starfsfólks stofnunarinnar í árslok 2005 er 44,7 ár.

Í starfsmannastefnu stofnunarinnar kemur fram að hún metur endurmenntun starfsmanna mikils og þar er miðað við að 1% af heildarlaunum fari í endurmenntun. Stofnunin hefur gert betur en þetta og leggur 3,3% af heildarlaunakostnaði í endurmenntun starfsmanna sinna. Eitt af þeim fræðsluverkefnum sem stofnunin stendur fyrir er fyrirlestrarröð yfir vetrarmánuðina fyrir starfsfólk. Gestafyrirlesarar koma úr atvinnulífinu auk þess sem starfsmenn stofnunarinnar hafa kynnt verkefni sín fyrir samstarfsfólk sínú.

Stofnunin hefur sett sér jafnræðisstefnu sem unnið er eftir. Þegar litið er til kynjahlutfalls millistjórnenda frá stofnun Umhverfisstofnunar kemur í ljós að konum í röðum millistjórnenda hefur fjölgæð úr 7 í 9 á timabilinu og körlum í sömu stöðum hefur fækkað úr 13 í 11.

Meðfylgjandi eru nokkur gröf sem sýna kennitölur varðandi starfsmenn



# NOKKRIR VIÐBURÐIR ÁRSINS 2005

## RJÚPNAVEIÐI HÓFST EFTIR FRÍÐUN

Árin 2003 og 2004 ákvað þáverandi umhverfisráðherra að heimila ekki rjúpnaveiðar í ljósi ástands stofnsins. Friðunin hafði umtalsverð áhrif á starfsemi og gagnasöfnun Umhverfisstofnunar og rauf vöktun á veiðítöllum allra fuglaategunda sem hafði fram að þessu verið samfellið frá árunum 1995 til 2002. Í kjölfar ákvörðunar umhverfisráðherra haustið 2005 um afnám alfríðunar rjúpu kom til kasta Umhverfisstofnunar að koma með tillögu til stjórnvalda um hvaða veiðistjórnunaraðgerðum skyldi beitt. Tillögurnar fólust í að setja sölubann á rjúpu og rjúpnaafurðir, stytta veiðitímabilið, halda áfram friðun Reykjanesskagans og hrinda úr vör hvatningarátaki að erlendri fyrirmynnd meðal skotveiðimanna um hóflega rjúpnaveiði. Ráðherra byggði ákvörðun sína á tillögum Umhverfisstofnunar, en ákvað að stytta ekki veiðitímann.

## HVATNINGARÁTAK UM HÓFLEGA RJÚPNAVEIÐI

Hvatningarátak umhverfisráðuneyts var unnið í samstarfi við Umhverfisstofnun. Í hvatningarátakinu var því beint til veiðimanna að hver veiðimaður myndi ekki veiða meira en 15 rjúpur yfir veiðitímann, en sú veiði jafngildir um 70.000 rjúpum. Gott samstarf náðist við skotveiðiverslanir og skotfélög og fékk hvatningarátakið góða kynningu í fjölmöulum. Óhætt er að segja að skilaboð átaksins hafi komist vel til skila og benda fyrstu veiðitolur og kannanir meðal veiðimanna til þess að þetta hafi gengið eftir innan ásættanlegra marka. Samkvæmt könnun á skilavef Umhverfisstofnunar sögðu 90% skotveiðimanna að átakið hefði haft tilskilin áhrif á sína veiði. Hvatzingarátakið fékk styrk úr Veiðikortasjóði og var hann notaður m.a. til þess að prenta kynningarefni og birta auglysingar.

## ÚTSTREYMI PRÁVIRKRA LÍFRÆNNA EFNA Í ANDRÚMSLOFT


Umhverfisstofnun tók saman í fyrsta skipti árið 2005 upplýsingar um útstreymi þrávirkra lífrænna efna í andrúmsloft vegna athafna og starfsemi á Íslandi. Upplýsingarnar sem unnið var úr voru frá árunum 1990 til 2003. Í samantektinni voru m.a. helstu uppsprettur dioxins metnar.

Samantektin leiddi í ljós að heildarútstreymi dioxíns hefur minnkað frá árinu 1990 þar sem dregið hefur verulega úr brennslu sorps og opinni brennslu úrgangs hefur nánast verið hætt. Enn eru þó starfandi brennslustöðvar með lítilli stýringu á bruna og litlum eða jafnvel engum mengunarvarnabúnaði og er dioxínútstreymi frá þessum brennslustöðvum talsvert.


Einnig kom fram í samantektinni að útstreymi dioxíns frá fiskiskipaflotanum er töluvert. Útstreymi dioxíns vegna eldsneytisbrennslu úti á sjó þar sem brennsluloftið inniheldur salt (klór) er mun meira en vegna eldsneytisbrennslu í landi.



Þróun í útstreymi í dioxin 1990-2003



Skipting dioxínútstreymis árið 2003 eftir helstu uppsprettum



## STARFSLEYFI OG EFTIRLIT MED OLÍUBIRGÐASTÖÐVUM

Á árinu 2005 voru unnin starfsleyfi fyrir 40 olíubirgðastöðvar á landinu og voru þau auglýst í ársþyrjun 2006. Þetta var gert í samræmi við ákvæði laga nr. 98/2002, um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, en þar kemur fram að „allar olíubirgðastöðvar sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu hafa gilt starfsleyfi eigi síðar en 31. desember 2005.“ Áður höfðu verið unnin starfsleyfi fyrir tvær nýjar olíubirgðastöðvar sem höfðu tekið til starfa eftir gildistöku laganna. Vegna starfsleyfisvinnslunnar voru flestar olíubirgðastöðvar skoðaðar sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt þessum ákvæðum.

Starfsleyfin setja ramma utan um þau skilyrði sem gilda fyrir starfsemi olíubirgðastöðva með tilliti til umhverfispáttta. Þau snúa fyrst og fremst að vörnum gegn mengun vatns og sjávar, sbr. ákvæði laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Í leyfum þriggja stærstu stöðvanna er fjallað um takmarkanir á losun á bensíngufum í andrúmslofti í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC). Flestar birgðastöðvar eru með gasoliú af mismunandi gerð, en einnig eru nokkrar stöðvar með svartolíu og/eða bensín. Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á dreifingu og afgreiðslu olíu sem hefur valdið því að birgðastöðum hefur fækkað og þær eru orðnar stærri en áður. Samhlíða þeim breytingum hefur veruleg endurnýjun og endurbygging á olíubirgðastöðvum átt sér stað sem gerir það að verkum að varnir og tæknibúnaður er varðar mengunarvarnir eru í samræmi við kröfur dagsins í dag.

## VÁTRYGGINGAR VEGNA BRÁÐAMENGUNARTJÓNS

Í 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, er það nýmæli að frá og með 1. janúar 2006 ber þeim sem flytja olíu, eiturefni eða hættuleg efni á sjó eða stunda atvinnustarfsemi sem getur valdið bráðamengun sjávar, að vera með tryggingu sem bætir tjón vegna bráðamengunar af völdum starfseminnar fyrir allt að 1 milljón SDR (tæpar 100 milljónir kr.).

Þetta nýja ákvæði er mikilvægt þar sem það tryggir að viðbragðsaðilar við bráðamengun fái greiddan kostnað vegna hreinsunar og annarra viðbragða, auk þess sem það er í anda mengunarþótareglunnar (e. polluter pays principle), þ.e. að sá sem veldur mengun skuli greiða fyrir hreinsun.


Tvær reglugerðir voru birtar á árinu í því skyni að kveða nánar á um þetta ákvæði, þ.e. reglugerðir nr. 1078/2005 um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar og 1077/2005, þar sem þessu ákvæði var bætt í starfsleyfisreglugerðina (nr. 785/1999). Útgefanda starfsleyfis (Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd) skal berast, eigi síðar en 15. febrúar 2006, staðfesting frá starfandi fyrirtækjum um að viðkomandi fyrirtæki hafi slíka tryggingu.

## EMAS

Reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarferfi Evrópubandalagsins (EMAS), var gefin út á árinu og kom í stað eldri reglugerðar frá árinu 1996.


EMAS stendur fyrir „Eco Management and Audit scheme“ sem þýða má sem umhverfisstjórnunar- og úttektarkerfi. Kerfið byggist í grundvallaratriðum á aðgerðum gæðastjórnunar og auðveldar stjórnendum og öðru starfsfólk i að ná tökum á umhverfismálum fyrirtækja og stofnana. Gildir þá einu hvort um er að ræða framkvæmd almennra laga og reglugerða eða þeirra markmiða sem fyrirtækið eða stofnunin hefur sjálf sett sér í umhverfismálum.

Íslensk fyrirtæki hafa enn ekki tekið upp EMAS umhverfisstjórnunarferfið, en 7 fyrirtæki og stofnanir eru með vottun skv. ISO 14001.





Ferill viðbragða þegar upp kemur grunur um matarsýkingu.



## ENDURHEIMT VOTLENDIS

Umhverfisstofnun, nefnd um endurheimt votlendis og Vegagerðin unnu sameiginlega að gerð leiðbeininga um mat á röskun og endurheimt votlendis sem nú hafa verið samþykktar af þessum aðilum. Vegagerðin notar leiðbeiningarnar sem verklagsreglur ef framkvæmdir á hennar vegum kalla á endurheimt votlendis t.d. samkvæmt áliti Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum. Leiðbeiningar eru fyrst og fremst miðaðar við röskun votlendis vegna vegagerðar, en þær má nota til viðmiðunar við aðrar framkvæmdir eftir því sem við á. Leggja verður áherslu á að þrátt fyrir að leiðbeiningarnar muni auðvelda vinnu við mat á röskun og endurheimt votlendis og dragi úr matskenndum ákvörðunum mun að sjálfsögðu áfram þurfa að meta ákveðnar votlendisgerðir, sérstaklega ef þær falla ekki innan þess ramma sem kemur fram í leiðbeiningunum.

Í leiðbeiningunum kemur skýrt fram að endurheimt votlendis á að vera mótvægiságerð ef ekki verður hjá því komist að votlendi verði raskað vegna framkvæmda.

## NORRÆN MATVÆLARÁÐSTEFNA

Þriðja norræna matvælaeftirlitsráðstefnan fór fram á Íslandi dagana 28. og 29. janúar 2005. Umhverfisstofnun bar hitann og þungann af undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar, en áður hafa verið haldnar sambærilegar ráðstefnur í Noregi og Svíþjóð. Að hitta samstarfsmenn, hvort sem er héðan eða frá öðrum Norðurlöndum, á ráðstefnum sem þessum hlýtur að teljast mikilvægur þáttur í símenntun og þróun vinnubragða enda hafa ráðstefnurnar skapað grundvöll til tengslamyndunar og skoðanaskipta milli eftirlitsaðila á Norðurlöndunum.

## BORDÆFING VEGNA VIÐBRAGÐSÁÆTLANA UM MATARSÝKINGAR

Dagana 4. og 11. maí var haldin s.k. borðæfing til að æfa viðbrögð vegna matarsýkinga á Íslandi. Þátttakendur í æfingunni voru starfsmenn Heilbrigðiseftirlits sveitafélaga, Embættis yfirdýralæknis, sýklafræðideildar Landsspítalans, Umhverfisstofnunar, sóttvarnarlæknis og yfirlæknar heilsugæslustöðva.

Helsta tilefni æfingarinnar var endurskoðun Umhverfisstofnunar og sóttvarnarlæknis á viðbragðsáætluninni „Viðbrögð við matarsýkingum“. Á æfingunni var hlutverkum og viðbrögðum deilt niður á þá aðila sem taka á málum þegar upp koma matarsýkingar.

Faraldur af völdum *E. Coli* O157 með útbreiðslu víða um land var settur á svíði í samræmi við fyrirliggjandi viðbragðsáætlun og var hún aðlöguð eftir því sem ástæða þótti til.

Æfingin tökst vel og hvöttu fundarmenn sóttvarnarlæknir til að halda slíka æfingu árlega.

## VARNAREFNI Í MATVÆLUM

Á árinu var sótt um faggildingu á aðferðum til mælinga á 40 varnarefnum sem notuð eru við ræktun grænmetis og ávaxta, en þessi efni geta orðið heilsuspíllandi ef þeirra er neytt í of miklu magni. Sænska faggildingarstofan Swedac tók út mæliaðferðirnar og er faggildingin í vinnslu.

## PCR GRENINGAR VEIRA Í MATVÆLUM

Í maí var haldinn norrænn fundur um veirur í matvælum. Á fundinum var fjallað um greiningar á veirum sem berast með fæðu og vatni. Áhersla var lögð á svokallaðar norveirur sem valda oft slæmum hópsýkingum. Það getur verið mjög erfitt og tímafrekt að rækta veirur úr sýnum til að staðfesta uppruna sýkinga. Helstu aðferðir sem notaðar eru til greininga á slíkum veirum byggja á PCR tækni, þar sem erfðaefni veiranna er magnað upp með sértækum vísum í stað þess að nota tímafrekar ræktunaraðferðir. Með þessari tækni er hægt að greina bæði tilvist og tegund veira í matvælum og neysluvatni. Bornar voru saman mismunandi aðferðir við greiningu veira í matvælum og vatni til að finna sameiginlega aðferð sem öll Norðurlöndin geta notað og sannprófað. Ákveðið var að sameiginlegar PCR greiningar á veirum yrðu þróðar enn frekar.

## SANNPRÓFUN 2JA AÐFERÐA VIÐ MÆLINGAR Á SJÚKDÓMSVALDANDI ÖRVERUM

Á árinu tók Umhverfisstofnun þátt í að sannprófa tvær aðferðir sem notaðar eru við mælingar á sjúkdómsvaldandi örverum. Annars vegar var um að ræða aðferð fyrir *Listeria monocytogenes* og hins vegar aðferð fyrir *Campylobacter*. Báðar aðferðirnar eru afrakstur samvinnu Norðurlandanna innan Norrænu matvælarannsóknaneftarinnar (NMKL). Það er mjög mikilvægt að nota aðferðir sem hafa verið sannprófaðar og að niðurstöður frá mörgum rannsóknarstofum hafi verið bornar saman. Í aðferðarprófuninni tóku rannsóknarstofur frá öllum Norðurlöndunum þátt og voru mismunandi ræktunaraðferðir, æti, hitastig og ýmislegt fleira prófað. Aðferðin við að greina *Campylobacter* er að hluta til byggð á rannsóknum sem gerðar voru hjá Umhverfisstofnun á árunum 2003 – 2004 og fjölluðu um áhrif frystingar á *Campylobacter* í kjúklungum.

## ÚR TJALDI Í SKÁLA – STYRKUR FRÁ BRESKA SENDIRÁÐINU

Breska sendiráðið veitti á árinu styrk til sjálfboðaliðastarfs í Skaftafelli. Í Skaftafelli starfar á ári hverju fjöldi sjálfboðaliða, bæði innlendra og erlendra, og sinna þeir m.a. uppbyggingu göngustíga, lagfæringum og viðhaldi. Sjálfboðaliðarnir hafa búið þrónt og við erfiðar aðstæður og var styrkurinn því kærkominn og nýttur til að ljúka byggingu skála sem sjálfboðaliðarnir hafa nú til afnota.

Í tilefni af styrkveitingunni heimsótti breski sendiherrinn Alp Mehmet ásamt Sigriði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra sjálfboðaliðana í Skaftafelli.

Umhverfisstofnun kann breska sendiráðinu bestu þakkir fyrir styrkveitinguna.

## STYRKIR ÚR POKASJÓÐI Á.T.V.R OG FRÁ FERÐAMÁLARÁÐI ÍSLANDS

Umhverfisstofnun hefur fengið þrjá styrki úr Pokasjóði Á.T.V.R og að auki styrk frá Ferðamálaráði Íslands. Upphæð styrkja frá Pokasjóði Á.T.V.R var samtals 9,6m kr. og voru styrkurnir notaðir til að gera göngustíg við Gullfoss, stiga í Tófugjá og salernisaðstöðu við Dettifoss. Styrkur Ferðamálaráðs Íslands var samtals 3,0 m kr. Umhverfisstofnun vill koma á framfæri þökkum til Á.T.V.R og Ferðamálaráðs Íslands.

Sigriður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra opnaði formlega endurbættan göngustíg við Gullfoss þann 6. júlí. Göngustígrunn bætir mikið aðgengi ferðamanna að útsýnispalli fyrir ofan fossinn. Með tilkomu göngustígsins hefur aðgengi fatlaðra verið bætt og þeim gert kleift að komast að útsýnispallinum.

Föstudaginn 19. ágúst var nýr stigi upp úr Tófugjá í Ásbyrgi formlega tekinn í notkun. Þessi framkvæmd bætir aðstöðu ferðamanna á vinsælli gönguleið milli Vesturdals og Ásbyrgis.

Á sama tíma var opnuð ný og gjörbreytt snyrtiaðstaða fyrir ferðamenn við Dettifoss austanverðan. Hér er um verulega framkvæmd að ræða þar sem bora þurfti sérstaklega eftir vatni til að geta boðið gestum þjóðgarðsins upp á viðunandi hreinlætisaðstöðu á þessum vinsæla ferðamannastað. Pokasjóður Á.T.V.R. og Ferðamálaráðs Íslands styrktu sameiginlega þessa framkvæmd.



# LEYFISVEITINGAR, UMSAGNIR OG STARFSLEYFISSKILYRÐI

## LEYFISVEITINGAR

Starfsréttindi – meindýraeyðar: 35

Starfsréttindi – garðaúðarar: 7

Dýrahald í atvinnuskyni: 28

Varp dýpkunarefna: 5

## UMSAGNIR VEGNA LEYFISVEITINGA

Skráningar og undanþágur varnarefna: 67

Söluleyfi eiturefna og varnarefna: 12

Leyfi til að kaupa og nota eiturefni: 2

Leyfi til að kaupa og nota varnarefni: 60

Leyfi til íblöndunar bætiefna: 15

Leyfi til notkunar fullyrðinga á umbúðum matvæla: 6

Leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera: 7

Leyfi til sleppingar erfðabreyttra lífvera: 1

Heimildir til innflutnings matvæla sem um gilda sérstakar

tímabundnar takmarkanir: 160

Samþykkt efni til þrifa- og gerileyðingar: 24

Þingmál: 34

## STARFSLEYFI

Útgefin starfsleyfi vegna fiskeldis: 5

Útgefin starfsleyfi vegna fiskimjölsverksmiðja: 3

Útgefin starfsleyfi vegna olíubirgðastöðva: 2

Útgefið starfsleyfi vegna álvers: 1

Útgefin starfsleyfi vegna spilliefna: 2

Útgefið starfsleyfi vegna rafskautaverksmiðju: 1

Útgefin starfsleyfi vegna sorpurðunar: 2

## ÚTGÁFA SAMRÆMDRA STARFSLEYFISSKILYRÐA

Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi og seiðaeldi á landi

Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í sjó

Starfsleyfisskilyrði fyrir meðferð og vinnslu mjólkur



## NOKKUR VERKEFNI ÁRSINS 2005

### UMHVERFISFRÆÐSLA FYRIR BÖRN OG UGLINGA

„Heimurinn minn“ er fræðsluvefur um umhverfismál fyrir börn og unglunga. Á vefnum eru yfir 200 síður af fróðleik um umhverfismál. Þar er fjöldi ljósmynda, teiknaðra mynda, hljóða, myndbanda og verkefna í formi hermileikja og er allt fræðsluefnid uppliesið. Vefurinn er aðallega ætlaður til notkunar í grunnskólum, þó geta allir nýtt sér vefinn hvenær sem er með því að fara á [www.heimurinn.is](http://www.heimurinn.is). Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á umhverfismennt sem mikilvægan þátt í skólastarfi og kennslu ólíkra námsgreina. Vefnum „Heimurinn minn“ er ætlað að vekja börn og unglingu til umhugsunar um umhverfismál og hafa áhrif á viðhorf þeirra til umhverfismála. Vefurinn fræðir börnin um hið sívirka og viðkvæma samspil manns og náttúru, auk hlutverks þeirra sjálfra sem neyt-endur og þáttakendur í nútímasamfélagi.

Umhverfisfræðslan er fjölbreytt, á vefnum má m.a. finna fróðleik um náttúruvernd, innkaup og umbúðir, orkusparnað, notkun bifreiða, lífræna ræktun, gróðurhúsaáhrif, mengun sjávar, skipulagsmál, úrgang, vatnsvernd, landgræðslu og sjálfbæra þróun.

Efninu er skipt í þrjú aldursstig, yngsta stig, miðstig og efsta stig. Reynt er að hafa framsetningu efnisins grippandi og spennandi með því að fléttu saman fræðslu og leik. Í viðamiklum fróðleiksbanka sem fylgir vefnum eru um 200 hugtök tengd umhverfismálum útskýrð.

„Heimurinn minn“ er samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar og Námsgagnastofnunar og var verkefnið styrkt með framlagi frá Upplýsingasamfélaginu. Auglýsingastofan Næst ehf. sá um hönnun vefsins í samráði við Námsgagnastofnun og Umhverfisstofnun. Höfundar efnis eru Margrét Júlia Rafnsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Björn Valdimarsson og Albert S. Sigurðsson.



### ÞJÓÐGARDURINN SKAFTAFELL

Skaftafellsþjóðgarður var stofnaður 1967 og var þá um 500 km<sup>2</sup>. Höfuðástæða friðunarinnar á þeim tíma var náttúrufegurð Skaftafells og útsýni af brekkunni við bæinn. Þjóðgarðurinn var stækkaður árið 1984 í um 1.700 km<sup>2</sup> og náði stækjunin til vatnasviðs Skeiðarár og Grímsvatna. Hugmyndin að baki stækjunarinnar var að þjóðgarðurinn næði til jarðhitans í Grímsvötnum og lands sem er mótað af rennslu Skeiðarár.

Árið 2004 staðfesti þáverandi umhverfisráðherra nýja reglugerð um þjóðgarðinn sem fól í sér þrefoldun á flatarmáli hans. Hann er nú 4.807 km<sup>2</sup> og tekur yfir hálfan Vatnajökul, ásamt gígaröðinni við Laka. Stækjuninni er ætlað að vera skref á þeiri leið að vernda Vatnajökul allan og sem mest af næsta umhverfi hans.

Skaftafellsþjóðgarður er land mikilla andstæðna. Hann einkennist af samspli eldvirkni, jöklum og jökuláum. Í þjóðgarðinum sést á einstakan hátt hvernig þessi öfl hafa í sameiningu mótað landið og enn fremur hvernig íbúarnir hafa aðlagdað sig hinum óblíðu öflum náttúrunnar. Í Skaftafellsþjóðgarði takast á við mótu landsins eitt mesta jarðhitasvæði jarðar og stærsti jökull Evrópu. Þar eru þrjár af merkstu eldstöðvum jarðar, Grímsvötn, Laki og Öræfajökull og hæsti tindur landsins, Hvannadalshnjúkur.

Landslagseinkenni þjóðgarðsins austan megin eru, auk jökulhettunnar, há og snarbrött fjöll, skriðjöklar og sandar, en nútímhraun vestan megin.

Byggð og gróðurfar í ríki Vatnajökuls hefur tekið miklum breytingum frá landnámi vegna eldgosa, jökulhláupa og breytinga í loftslagi. Þegar eldgos verða í Vatnajökli koma mikil hlaup í árnar sem bera með sér aur og leðju út á sandana. Gróði land hefur horfið undir sanda og ösku og ábúendur, reynslunni ríkari, flúðu með bú sín í skjól upp í brekkur sem standa undir bröttum fjöllum. Í Skaftafelli má sjá minjar um húsagerð fyrri tíma sem var nánast óbreytt frá landnámi og fram á 19. öld.

Þrátt fyrir miklar náttúruhamfarir síðustu 500 ára er dýra- og plöntulíf sunnan undir Vatnajökli fjölskrúðugt og fjölbreytt á landsvísu. Á annað hundruð tegunda blóma- og burknaplantna vaxa á svæðinu og á fjórða tug fuglategunda verpir þar. Héruðin undir jöklinum eru einnig viðkomustaður framandi fugla og skordýra.

Stjórnstöð þjóðgarðsins er í Skaftafelli. Aðrar starfsstöðvar eru á Kirkjubæjarklaustri og á Höfn.




## MATARSÝKLAR OG HÓPSÝKINGAR

Af þeim matvælasýnum sem voru rannsökuð með tilliti til *Salmonella* og *Campylobacter* á árinu reyndust 15 sýni innihalda þessa algengu matarsýkla. Sýklarnir geta valdið alvarlegum heilsuskaða og óheimilt er að neyta eða bjóða matvæli sem innihalda þessar örverur. Saurkólierlar yfir viðmiðunargildum greindust í 107 sýnum. Eitt tilfelli af *Legionella pneumoniae* (hermannaveiki) greindist á árinu. Sýklafræðideild Landssþítala-háskólasjúkrahúss einangraði bakteríuna úr lungnavökva eins einstaklings sem veiktist. Í framhaldi af því voru tekin vatnssýni og stroksýni og greindist bakterían í stroksýni úr vaski á vinnustað mannsins.

Tilkynnt var um veikindi 72 einstaklinga sem tengdust átta hópsýkingum. Hægt var að staðfesta með vissu að helmingur þessara hópsýkinga var af völdum matarsýkla. Á línumritinu er sýnt hvernig dreifing hópsýkinga og sjúkdómstilfella hefur verið frá árinu 2001 til 2005. Stöplarnir sýna fjölda staðfestra hópsýkinga en linan fjölda sjúkdómstilfella. Veirur voru helstu sjúkdómsvaldar hópsýkinga árin 2001 og 2004 en bakteriur hin árin. Staðfest var að bakteriurnar *Clostridium perfringens* og *Bacillus cereus* orsökuðu eina hópsýkingu á árinu 2005.

Fjöldi hópsýkinga og sjúkdómstilfella



## EFTIRLITSHANDBÓK FYRIR MATVÆLAEFTIRLIT

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með opinberu eftirliti Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga með framleiðslu og dreifingu matvæla. Í þessu hlutverki stofnunarinnar felst samræming á túlkun laga og reglugerða og umsjón með framkvæmd eftirlits. Í gegnum tíðina hefur stofnunin, í samvinnu við heilbrigðisfulltrúa, útbúið viðmiðunarreglur fyrir eftirlit og fræðsluefni um einstaka eftirlitsþætti.

Með ákvæðum gerða sem innleiddar eru í íslenskan rétt á grundvelli EES-samningsins, sem og vegna ábendinga innlendra og erlendra sérfraðinga og hagsmunaaðila, hefur sú krafa verið hert að opinbert eftirlit sé framkvæmt samkvæmt skriflegum verklýsingum. Umhverfisstofnun telur að þessi krafa sé sjálfsögð, enda eru kvaðir af sama meiði lagðar á t.d. matvælafyrirtæki. Óháð því hvaða nálgun er notuð skal tryggja að eftirlit sé skilvirk, að það sé stöðugt að gæðum og framkvæmt á sama hátt hvar sem er á landinu. Til að ná betri yfirsýn yfir verkefnið var ákveðið að útbúa eftirlitshandbók fyrir matvælaeftirlit og hefur verið unnið að gerð hennar undanfarna mánuði. Eftirlitshandbókin hefur eftirfarandi hlutverk:

- að uppfylla kröfur löggjafar
- að uppfylla kröfur varðandi samræmingarhlutverk aðila í löggjöf
- að uppfylla kröfur varðandi hlutverk opinbers eftirlitsaðila í löggjöf
- að skapa sameiginlegan skilning á hlutverki og verkefnum opinberra eftirlitsaðila
- að tryggja sem best hæfni og einsleita framkvæmd opinberra eftirlitsaðila
- að sýna fram á gagnvart 3ja aðila hvernig opinber eftirlitsaðili vinnur og skapa þannig traust út á við
- að vera hvatning til að ná sameiginlegu markmiði.

Allir ofangreindir þættir voru hafðir að leiðarljósi við gerð eftirlitshandbókarinnar.

Fyrsta útgáfa handbókarinnar leit dagsins ljós í lok ársins og er henni skipt upp í 10 kafla. Í grófum dráttum má þó skipta bókinni í þrjá meginþætti; fyrst er fjallað um stjórnskipulag matvælaeftirlits, starfsleyfi og góða starfshætti við framkvæmd eftirlits, síðan er lýst framkvæmd eftirlits á tilteknum stöðum eða við tilteknar aðstæður og að lokum eru í bókinni viðbragðsáætlanir.

Handbókinni er ætlað að þjóna fjölpættum tilgangi í störfum heilbrigðisfulltrúa, að vera lifandi upplýsingabrunnur og eftir atvikum stoð við ákvarðanatöku við framkvæmd eftirlits.



## VÖKTUN EITRAÐRA SVIFPÖRUNGA Í HAFINU VIÐ ÍSLAND

Þörungablómi af völdum eitraðra svifpörunga hefur verið vaxandi vandamál um allan heim. Talið er að mikið magn næringarefna frá landbúnaði sem berst í sjó ásamt breytingum á hitastigi sjávar kunni að hafa þar áhrif, einnig geta þörungar borist milli svæða m.a. með kjölvatni skipa sem losað er eftir siglingar frá fjarlægum stöðum. Í samræmi við aukna útbreiðslu eitraðra þörunga hefur eitrunum af völdum skelfiskneyslu fjölgð. Þörungarnir eru aðalfæða skelfisks og ef hann nærist á eitruðum þörungum getur eitrið safnast fyrir í honum. Eitrið hefur engin áhrif á skelfiskinn en getur valdið eitrunum í mönnum og dýrum sem neyta hans. Algengustu tegundir eitraðra svifpörunga í sjó eru af ættkvíslunum *Alexandrium*, *Dinophysis* og *Pseudo-nitzschia*. Þrjár gerðir þörunga-eitrunar eru algengastar:

DSP (e. diarrheic shellfish poisoning) niðurgangseitrun. Einkennin eru fremur væg og ekki er talið að varanlegur skaði hljótist af.

PSP (e. paralytic shellfish poisoning) lömunareitrun. Er fátiðari en DSP, en mun alvarlegri. Í alvarlegum tilfellum verður lömun í öndunarfærum sem getur leitt til dauða. Vægari einkenni ganga til baka en taugaskaði ekki.

ASP (e. amnesic shellfish poisoning) minnistapseitrun. Ekkert þekkt tilfelli á Íslandi. Eitrunin getur haft áhrif á taugakerfi og valdið minnistapi og jafnvel dauða.

Víðast hvar í löndunum í kringum okkur er fylgst reglulega með magni eitraðra svifpörunga við strendur og gefnar út viðvaranir ef magn þeirra fer yfir þau hættumörk sem sett hafa verið.

Tilraunir með eldi á skelfiski fara fram á nokkrum stöðum við landið.

Hafrannsóknarstofnun í samvinnu við Fiskistofu, Veiðimálastofnun, Umhverfisstofnun, skelfiskeiðimenn og kræklingaræktendur stóð fyrir vöktun á þessum svæðum. Ákveðið var að vakta eitt svæði þar sem almenningur hefur stundað kræklingatínslu og tók Umhverfisstofnun að sér vöktun í Hvalfirði. Alls voru vöktuð sex svæði við landið, í Breiðafirði, Eyjafirði, Mjóafirði eystri auk Hvalfjarðar og fylgst með magni eitraðra svifpörunga vikulega frá vori og þar til gróðurtímabilinu lauk.

Sýnataka í Hvalfirði hófst 22. júlí og lauk 22. desember. Niðurstöður talninga á eiturþörungum sýna að hætta á DSP eitrun í skelfiski af völdum *Dinophysis* tegunda, sem geta valdið DSP eitrun, var til staðar frá miðjum ágúst og fram undir áramót. Það vekur athygli að fjöldi *Dinophysis* tegunda hélst langt yfir viðmiðunarmörkum skelfiskeitrunar fram í desember. Því er hugsanlegt að kræklingur á svæðinu hafi innihaldið DSP eiturefni langt fram eftir vetrí. Fjöldi *Pseudonitzschia* tegunda fór einu sinni yfir viðmiðunarmörk á tímabilinu.



Tegundir sem valda PSP eitrun fóru ekki yfir viðmiðunarmörk í Hvalfirði sumarið 2005. Sumarið 2005 var frumraun í vöktun svifpörunga hér við land. Að mati þeirra sem stóðu að tilrauninni tókst hún vel. Niðurstöður vöktunar í Hvalfirði benda til þess að full nauðsyn sé á slíkri vöktun.

## GÆÐI BAÐVATNS

Umhverfisstofnun hefur mælt baðvatnssýni frá árinu 2001.

Myndin sýnir fjölda baðvatnssýna sem voru mæld á árunum 2001 til 2005 og hversu stórt hlutfall sýna stóðst ekki kröfur baðvatnsreglugerðar. Þessi sýni voru tekin í ýmsum sundlaugum og heitum pottum á landinu. Rannsakaður var heildargerlafjöldi við 37°C, kóligerlar, *Pseudomonas aeruginosa*, sýrustig og klór-magn. Með tilliti til gerlainnihalds var ástand baðvatns árið 2005 slakara en síðstu tvö ár á undan, en hins vegar betra en árin 2001 og 2002. Algengasta ástæða þess að baðvatnssýni stóðst ekki gæðakröfur var of hár gerlafjöldi við 37°C. Einnig innihéldu nokkur sýni of marga kóligerla og *P. aeruginosa*.

Vöktunarstöðvar fyrir eitraða svifpörunga árið 2005.



## GRÆNT BÓKHALD FYRIRTÆKJA

Umhverfisstofnun hefur umsjón mēð grænu bókhaldi starfsleyfisskyldra fyrirtækja á Íslandi. Grænt bókhald var lögbundið árið 2001 þegar Alþingi samþykkti breytingar þess efnis. Reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald lýsir nánar útfærslu og kröfum til græns bókhalds auk leiðbeininga sem Umhverfisstofnun hefur gefið út.

Samkvæmt reglugerðinni eiga bókhaldsskyld fyrirtæki að halda grænt bókhald, þ.e. að skrá mēð reglubundnum hætti alla helstu umhverfispætti starfseminnar. Fyrir 1. maí ár hvert senda þessi fyrirtæki Umhverfisstofnun eða viðeigandi heilbrigðiseftirliti skýrslu um grænt bókhald fyrrgengins árs. Markmið mēð grænu bókhaldi er að birta upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttá í starfsemi sem haft getur í för með sér mengun. Ennfremur til að hvetja rekstraraðila til að fylgjast vel með helstu umhverfispáttum starfseminnar og leitast við að tryggja að þróun hennar sé jákvæð fyrir umhverfið. Tæplega 50 fyrirtæki hafa skilað inn skýrslum um grænt bókhald fyrir árin 2003 og 2004. Um helmingur þeirra eru fiskmjölsverksmiðjur, en einnig stóriðja, fiskeldisfyrirtæki, svínarækt, efnaverksmiðjur og urðunarstaðir, svo eitt hváð sé nefnt.

Skýrslur um grænt bókhald má finna á vef Umhverfisstofnunar. Í skýrslum um grænt bókhald koma fram tölulegar upplýsingar um umhverfistengda þætti í starfsemi fyrirtækja. Hægt er að bera saman tölur ár frá ári og meta „grænan árangur“ fyrirtækisins. Einig er hægt að bera saman frammi-stöðu ólikra fyrirtækja.

Hlutverk stofnunarinnar er ekki að kanna gæði skýrslna um grænt bókhald, heldur á hún að tryggja að skýrslurnar uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Allar skýrslur eru endurskoðaðar af þar til bærum aðilum sem eiga að sjá til þess að bókhaldstölur og fullyrðingar standist. Að öðru leyti er innihald skýrslna um grænt bókhald alfarið á ábyrgð forsvarsmanna þess fyrirtækis sem skýrslan fjallar um.

## SAMNINGUR UM ALPJÓÐAVERSLUN MEÐ TEGLUNDIR DÝRA OG PLANTNA Í ÚTRÝMINGARHÆTTU

CITES samningurinn er alþjóðlegur samningur um stjórnun og eftirlit á alþjóðlegri verslun mēð vissar tegundir og afurðir plantna og dýra í útrýmingarhættu. Tilgangur samningsins er að tryggja að ekki sé gengið of nærrí þessum tegundum. Meðal þeirra fjölmörgu tegunda sem teljast til CITES tegunda eru filar, nashyrningar, hvítabirnir, tigrisdýr og fleiri tegundir kattardýra, krókodílar, ýmsar eðlur, antilóputegundir, skjaldbökur, fjöldi skrautfugla, hvalir, styrjur, fjölmargar tegundir kaktusa, orkideur og nokkrar tegundir harðviðar, svo og afurðir og fullunnar vörur úr afurðum þessara tegunda.

Í lok árs 2004 tók gildi reglugerð nr. 993/2004, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Sækja þarf um CITES leyfi hjá Umhverfisstofnun fyrir alla verslun svo sem inn- og útflutning heildsala, einkaaðila og einnig fyrir festla minjagripi úr afurðum CITES tegunda.

Á árinu hafa verið veitt leyfi fyrir innflutningi lífsýna úr simpönum, zebraskinni og fjölda páfagauka. Umhverfisstofnun ber að gera upptæk eintök dýra eða plantna og afurðir þeirra, sem annað hvort hafa verið flutt inn, eða reynt hefur verið að flytja inn með ólööglegum hætti, eða á annan hátt verið farið með andstætt reglum samningsins. Af þeim hlutum sem reynt hefur verið að flytja inn án tilskilinna leyfa á árinu má nefna krókódílshaus, filabeinsstyttrur, feldi ýmissa dýragegunda s.s. tigrisdýrs, ísbjarnar og zebrahests og fjölda uppstoppaðra fugla.

Gert er ráð fyrir að aukinn fjöldi mála muni berast stofnuninni til meðferðar í nánustu framtíð eftir því sem samstarf við tollayfirvöld styrkist. Mikilvægt er að almenningur sé vel upplýstur um tilvist og innihald CITES reglna.

## Yfirlit yfir skil á skýrslum um grænt bókhald

Grænt bókhald	Fyrir árið 2003	Fyrir árið 2004
Bókhaldsskyld starfsemi	47	46
Skiluðu á réttum tíma	34	30
Fengu áminningu	13	16



**UMHVERFISMAT 2005**

Umhverfisstofnun er umsagnaraðili vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum og fjallaði stofnunin um 75 sliðar framkvæmdir á árinu 2005. Við umsagnir um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda tekur Umhverfisstofnun m.a. mið af staðsetningu framkvæmda og verndargildi viðkomandi svæðis, s.s. hvort framkvæmdir raski minjum á náttúruminjaskrá, birkiskógi, votlendi, búsvæði plantna eða dýra á válista, umhverfisverndarsvæði eða útvistarsvæði. Einnig hvort framkvæmdir raski jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta skulu sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Áhrif framkvæmda á landslag og sjónræn áhrif þeirra eru jafnframt mikilvægur þáttur, sem og áhrif á hljóðvist og hvort og þá hversu mikla mengun viðkomandi framkvæmd mun hafa í för með sér.

Fjöldi og skipting erinda sem Umhverfisstofnun bárust á árinu 2005 vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Tegund verkefnis	Tilkynningar skyldar framkvæmdir	Tillögur að matsáætlun	Matsskýrslur	Stjórnsýslukærur
Fjöldi erinda	54	9	5	7

**ÚTREIKNINGAR ARÐS VEGNA HREINDÝRAVEIÐA TENGDIR GAGNAGRUNNI**

Umhverfisstofnun hefur umsjón með skiptingu arðs til landeigenda vegna sölu veiðileyfa á hreindýrum. Megintilgangur arðgreiðslna er að greiða landeigendum bætur vegna ágangs hreindýra á land þeirra. Landinu hefur verið skipt upp í 19 ágangssvæði þar sem ágangur hreindýra er talinn svipaður á hverju svæði fyrir sig. Útreikningar arðs taka tillit til þess hversu mörg veiðileyfi eru seld á svæðinu og landeigandi fær greitt felligjald fyrir hvert dýr sem fellt er á hans jörð.

Með tengingu við gagnagrunn er vinnsla við útreikning arðs orðin hraðari og öruggari og hefur haft það í för með sér að allar upplýsingar um einstaka útreikninga eru nú aðgengilegri en áður var.

**ENDURBÆTUR Á SKILAVEF OG GAGNASAFNSKERFI**

Árið 1999 var byrjað að bjóða upp á rafræn skil á veiðiskýrslum með þeim árangri að í dag skila um 82% veiðimanna veiðiskýrslu á skilavef Umhverfisstofnunar. Á árinu 2005 voru gerðar töluverðar umbætur á skilavefnum sem byggðu m.a. á framförum í hugbúnaðargerð með tilliti til vefsamskipta. Með þessum hugbúnaði geta örfáir starfsmenn haldið utan um gríðarlegt magn gagna.

Öll umsjón með umsóknunum um hreindýraveiðileyfi og réttindi leiðsögumanna með hreindýraveiðum eru byggð á þessum gagnagrunni. Um 1.600 umsóknir bárust á árinu um hreindýraveiðileyfi, þar af 98% rafrænt.



# ÚTGÁFA UMHVERFISVÍSA HJÁ UMHVERFISSTOFNUN

Hjá Umhverfisstofnun er í undirbúningi endurútgáfa liðlega 40 svokallaðra umhverfisvísa. Umhverfisvísarnir eru valdir með það í huga að þeir lýsi t.d. ástandi í umhverfi, manngerðum áhrifum í umhverfinu eða umhverfispáttum sem hafi áhrif á heilsu manna eða öryggi matvæla. Þeir byggja á gögnum sem safnað er innan stofnunarinnar eða sem eru fengin frá öðrum stofnunum eða vísindamönnum.

Hér má sjá dæmi úr safni umhverfisvísa sem eru í vinnslu hjá stofnuninni.

## UMHVERFISVÍSIR - DÆMI 1

Vansköpun í nákuðungi af völdum *tríbútiltín* (TBT).

*Tríbútiltín* (TBT) er lífrænt tinsamband sem mikið hefur verið notað í botnmáliningu skipa. Efninu er ætlað að koma í veg fyrir að þörungar og dýr setjist á botn skipanna og dragi úr ferð þeirra. Efnið var gifurlega vinsælt í upphafi en síðar hefur komið í ljós að TBT hefur margvísleg óeskileg áhrif á umhverfið þar sem það er ákaflega eitrað og veldur vansköpun eða vanþroska hjá mörgum lífverum. Vandamálið hefur verið þekkt allt frá 8. áratug síðustu aldar og hér við land hefur notkun TBT verið bönnuð frá 1990 á skipum styttri en 25 m. Árið 2005 tók bannið til allra skipa.

Á efri myndinni, sem sýnir ástand mála á Vestfjörðum, eru gildin í upphafi lægri og þar eru breytingar til batnaðar hraðar, sennilega vegna þess að þar er minna um kaupskip lengri en 25 m samanborið við ástandið í Reykjavík, þar er meiri umferð kaupskipa lengri en 25 m. (upplýsingar frá Köllu Jörundsdóttur, Jörundi Svavarssyni og Kenneth M.Y. Leung).

## UMHVERFISVÍSIR – DÆMI 2

Kvikasilfur í þorski á Íslands miðum.


Myndin sýnir meðalstyrk kvikasilfurs í þorski á Íslands miðum frá árinu 1990. Leitni til lækkunar á kvikasilfri sem myndin virðist sýna byggir að mestu á hárrí mælingu í byrjun sem gæti skýrst af mæliskekkju. Myndin sýnir styrk kvikasilfurs í holdi þorsks sem er sá vefur sem er aðallega nýttur til manneldis. Niðurstöðurnar sýna lág gildi, enda eru viðmiðunarmörk fyrir kvikasilfur í fiskmeti 500 mikrógrömm kvikasilfur per kiló (upplýsingar frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins).

## UMHVERFISVÍSIR – DÆMI 3


*Campylobakter* í kjúklingum.

Myndin sýnir annars vegar fjölda staðfestra innlendra *Campylobacter* tilfella í fólk og hins vegar hlutfall *Campylobacter* menguna í kjúklingaslátlárhópa. Greinilega sést að *Campylobacter* mengun í slátlárhópum og sýkingar í fólk eru árstíðabundin fyrirbæri, þ.e. rjúka upp yfir sumartímann. Fjöldi tilfella í mönnum lækkar markvisst frá árinu 2000 til ársins 2003, væntanlega vegna samspils þriggja þátta; betra innra eftirlit í kjúklingaeldinu, markvissar aðgerðir og eftirlit hjá Embætti yfirdýralæknis. Árið 2004 sker sig þó úr þessari þróun (upplýsingar frá Embætti yfirdýralæknis og sýklafræðideild Landspítala-háskólaþjórahúss).


Vansköpun í nákuðungi á Vestfjörðum




Vansköpun í nákuðungi við Reykjavík



Kvikasilfur í þorski á Íslands miðum



*Campylobacter* í kjúklingum og í fólk 200 - 2004



## STARFSMANNAFÉLAG UMVERFISSTOFNUNAR

Starfsmannafélag Umhverfisstofnunar eða SUST var formlega stofnað á fundi þann 24. febrúar 2003. Hlutverk félagsins er að stuðla að kynningu meðal félagsmanna þess, efla samstarf og samvinnu og stuðla að góðum félags- og starfsanda.

SUST stóð fyrir alls 11 viðburðum á árinu. Boðið var upp á tvær helgarferðir - annars vegar vorferð um miðjan maí í Skaftafell og hins vegar haustferð í Básá í Þórmörk. Í Skaftafelli tóku starfsmenn þjóðgarðsins á móti samstarfsfólkí sínu. Farnar voru gönguferðir í þjóðgarðinum og einnig var farin ferð í Ingólfshöfða undir leiðsögn heimamanna. Í Þórmerkurferðinni var veðrið ekki upp á sitt besta en fólk skemmti sér vel, fór í gönguferðir og grillarði.

Af öðrum viðburðum á vegum SUST má nefna leikhúsferð í Borgarleikhúsið þar sem farið var á leiksýninguna Woyzeck, tvær gönguferðir; skógargönguferð í Fossá og gönguferð um Grafninginn og í ágúst sveppatínsluféð í Heiðmörk.

Fyrir jólín stóð SUST fyrir vínkynningu. Kynnt var jólavín ásamt súkkulaði og villibráðapaté.

Jólaballið var svo á sínum stað milli jóla og nýárs. Af öðrum viðburðum á vegum starfsmanna-félagsins má nefna bjórkvöldin að ógleymdu föstudagskaffinu en þar skiptast starfsmenn á að framreiða kaffi og ljúffengt meðlæti annan hvern föstudag yfir vetrarmánuðina.



# VIÐAUKAR

## STARFSMENN UMHVERFISSTOFNUNAR

Eftirtaldir starfsmenn unnu hjá stofnuninni í árslok 2005.

### FORSTJÓRI

Davíð Egilson

### FJÁRHAGS- OG REKSTRARSVIÐ

Þórey I. Guðmundsdóttir, forstöðumaður  
Guðny B. Ármannsdóttir  
Hrefna Guðmundsdóttir  
Inga G. Aradóttir  
Kristbjörg Bjarnadóttir  
Kristinn G. Guðnason  
Kristín Aðalsteinsdóttir  
Kristín J. Ágústsdóttir  
Kristín Á. Björnsdóttir  
Magnea I. Kristinsdóttir  
Sigurlaug Gísladóttir  
Svanhvít Bragadóttir  
Þórey J. Péturnsdóttir  
Þórunn E. Karlssdóttir  
Þróstur Á. Gunnarsson

### FRAMKVÆMDA- OG EFTIRLITSSVIÐ

Helgi Jansson, forstöðumaður  
Albert S. Sigurðsson  
Birna S. Hallsdóttir  
Björn Stefánsson  
Brynya Jóhannsdóttir  
Cornelis A. Meyles  
Egill Þ. Einarsson  
Eyjólfur Magnússon  
Niels Br. Jónsson  
Ólafur A. Jónsson  
Rob P.M. Kamsma  
Sigrún Guðmundsdóttir  
Sigurður B. Finnsson  
Sigurrós Friðriksdóttir  
Stefán Einarsson

### MATVÆLASVIÐ

Elin Guðmundsdóttir, forstöðumaður  
Baldvin Valgarðsson  
Brynhildur Briem  
Grimur Ólafsson  
Herdís M. Guðjónsdóttir  
Ingólfur Gissurarson  
Jóhanna E. Torfadóttir  
Jónína Þ. Stefánsdóttir  
Sesselja M. Sveinsdóttir

### NÁTTÚRUVERNDAR- OG ÚTIVISTARSVIÐ

Árni Bragason, forstöðumaður  
Charles J. Goames

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Guðríður Þorvarðardóttir  
Helga Davids  
Kári Kristjánsson  
Margrét Valdimarsdóttir  
María Harðardóttir  
Njörður Jónsson  
Ragnar F. Kristjánsson  
Sigþrúður S. Jóhannsdóttir  
Stefán Benediktsson  
Trausti Baldursson  
Þorsteinn Hymer

### RANNSÓKNARSTOFA

Viggó Þ. Marteinsson, framkvæmdastjóri  
Aðalheiður S. Steingrímsdóttir  
Anna P. Vignisdóttir  
Ásthildur Sigurjónsdóttir  
Camilla Eyvindsdóttir  
Helgi Sigurjónsson  
Héðinn Friðjónsson  
Hrólfur Sigurðsson  
Margrét Geirsdóttir  
Sigurbjörg Ottesen  
Sólveig D. Jónsdóttir  
Þóra B. Róbertsdóttir

### STJÓRNSÝSLUSVIÐ


Sigurbjörg Gísladóttir, forstöðumaður  
Elín G. Guðmundsdóttir  
Gunnlaug H. Einarsdóttir  
Haukur R. Magnússon  
Heiðrún Guðmundsdóttir  
Karl F. Karlsson  
Kristján Geirsson  
Sigriður O. Jansen  
Sigriður Kristjánsdóttir  
Þór Tómasson  
Össur Kristinsson

### VEIÐISTJÓRNUNARSVIÐ

Áki Á. Jónsson, forstöðumaður  
Bjarni Pálsson  
Edda B. Rögnvaldsdóttir  
Einar Guðmann  
Jóhann G. Gunnarsson  
Ólöf H. Jósefsdóttir

### STÖRF ÓBUNDIN SVIÐUM

Gunnar S. Jónsson  
Sigurður Ö. Guðleifsson



**RITSTÖRF**

Eftirfarandi greinar birtust eftir starfsmenn stofnunarinnar í blöðum og tímarínum:

Á réttri lejð (um utanvegaakstur)  
(Davíð Egilson og Árni Bragason)

Dettifossvegur  
(Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir)

Efnistaka á 21.öld  
(Björn Stefánsson)

Efst á baugi varðandi umhverfismál sjávar  
(Kristján Geirsson)

Er ávaxtasykur hollari en annar sykur?  
(Brynhildur Briem)

Forðist fjölgun hættulegra baktería í þurrmjólk  
(Jóhanna E. Torfadóttir)

Framtíð ferðamennsku á friðlýstum svæðum  
(Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir)

Fráveitir í dreifbýli  
(Albert S. Sigurðsson)

Fróðleikur um MSG  
(Grímur Ólafsson)

Fræðsluhlutverkið sífellt mikilvægara (um starfsemi Umhverfisstofnunar)  
(Hrefna Guðmundsdóttir)

Gerum við hvað sem er til að grennast?  
(Steinar B. Aðalbjörnsson)

Hávaði  
(Brynya Jóhannsdóttir)

Hlutverk náttúruverndarnefnda  
(Hrefna Guðmundsdóttir)

Hreinlætið í lykilhlutverki  
(Jóhanna E. Torfadóttir)

Láta sig umhverfismerkningar ekki miklu skipta (um norræna umhverfismerkioð)  
(Sigrún Guðmundsdóttir)

Loftmengun - hvað finnst þér?  
(Þór Tómasson)

Margoft bent á hættuna (skýrsla um loftlagsbreytingar)  
(Helgi Jensson)

Menga díselbílar minna?  
(Þór Tómasson)

Mengun hafs og stranda  
(Kristján Geirsson)

Ofneysla vitamína getur verið skaðleg  
(Jóhanna E. Torfadóttir)

Olíuskiljur - Nýir staðlar og bætt hreinsivirkni  
(Albert S. Sigurðsson)

Rotþrær og siturlagnir við sumarhús  
(Albert S. Sigurðsson)

Sátt um að halda hafinu hreinu og ómenguðu  
(Kristján Geirsson)

Starfsleyfi og innra eftirlit stóreldhúsa  
(Baldvin Valgarðsson og Grímur Ólafsson)

Svanurinn tryggir gæðin (um norræna umhverfismerkioð)  
(Sigrún Guðmundsdóttir)

Umhverfisáhrif lífrænna halógensambanda sem notuð eru í kæli- og slökkvikervum  
(Heiðrún Guðmundsdóttir)

Umhverfisfræðsluvefur fyrir börn og unglings  
(Albert S. Sigurðsson)

Veiðum hóflega í haust  
(Áki Á. Jónsson)

Velferð til framtíðar  
(Trausti Baldursson)

Þjóðgarðar  
(Stefán Benediktsson)

Öryggi leiksvæða  
(Hrefna Guðmundsdóttir)

**FYRIRLESTRAR**

Fyrirlestrarröð stofnunarinnar:

Besta fáanlega tækni  
(Stefán Einarsson)

Eitraðir þörungar  
(Grímur Ólafsson)

Framtíð ferðamennsku í þjóðgörðum og friðlýstum svæðum  
(Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir)

Fullyrðingar í merkingum matvæla  
(Brynhildur Briem)

Góð ráð við grillið  
(Grímur Ólafsson og Ingólfur Gissurarson)

Hæfniskröfur til skotveiðimanna - Framtíðarsýn  
(Einar Guðmann)

Innflutningseftirlit matvæla  
(Herdís Guðjónsdóttir)

Leiksvæði - örugg svæði fyrir börnin  
(Brynya Jóhannsdóttir)

Meindýrvarnir í matvælafyrirtækjum  
(Baldvin Valgarðsson)

Menga díselbílar minna  
(Þór Tómasson)

Nýjar Evrópureglur um matvælaeftirlit og hollustuhætti – Vætanlegar breytingar  
(Elín Guðmundsdóttir)

Nýjar reglur um merkingar matvæla  
(Jóhanna E. Torfadóttir)

Olíuskiljur - kynning á nýjum leiðbeiningum um olíuskiljur  
(Albert S. Sigurðsson og Egill Þ. Einarsson)

Sæfiefni - hluti af okkar daglega lífi  
(Elín G. Guðmundsdóttir)

Öryggi neyslуватns í sumarbústöðum  
(Héðinn Friðjónsson)

**AÐRIR FYRIRLESTRAR**

Áhrif friðlýsinga á landbúnað og byggðaþróun  
(Árni Bragason)

Erfðabreytt matvæli  
(Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Erfðabreyttar plöntur  
(Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Forsendur friðlýsingar á Borgarholti  
(Árni Bragason)

Forsendur verndunar (Surtsey)  
(Árni Bragason)

Friðlysingar og náttúruverndaráætlun (Árni Bragason)	Öryggi leikvallatækja og leiksvæða (Brynda Jóhannsdóttir)	viðbótarbandvef: samkvæmt drögum að reglugerð um kjöt og kjötvörur Rafræn útgáfa
Heimur neðansjávarhvera frá landgrunni niður á djúpsævisbotn og leitin að örverum fyrir líftækni (Viggó Þ. Marteinsson)	GIS web portals (Albert S. Sigurðsson)	UST-2005:03 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Hreinlæti í stóreldhúsum Rafræn útgáfa
Kjöt og kjötvörur - kynning á nýjum reglum fyrir iðnaðinn (Karl F. Karlsson)	Sensitivity map and contingency plan of SW Iceland. (Kristján Geirsson)	UST-2005:04 Veiðidagbók 2005 Prentuð útgáfa
Kælimiðlar og Montrealbókunin (Heiðrún Guðmundsdóttir)	World Heritage Tentative List for Iceland – Nature (Árni Bragason)	UST-2005:05 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 2004 Rafræn útgáfa
Lög og reglugerðir um erfðabreyttar lífverur (Jónína Þ. Stefánsdóttir)	<b>NÁMSKEIÐ SEM UMHVERFISSTOFNUN OG STARFSMENN HENNAR ÁTTU HLUT AÐ:</b> Námskeið um endurskoðun á grænu bókhaldi Námskeið um leikvallatæki Námskeið um réttindi heilbrigðisfulltrúa Skotvopnanámskeið Veiðikortanámskeið Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna Notkun varnarefna í landbúnaði, garðyrkju og við garðaúðun	UST-2005:06 Ársskýrsla UST 2004 Prentuð útgáfa
Matvælaeftirlit á Íslandi – staðan í dag – hvað er á döfnni (Elín Guðmundsdóttir)	<b>HELSTU FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR Á VEGUM UMHVERFISSTOFNUNAR PAR SEM STARFSMENN HENNAR HÉLDU FYRIRLESTRA</b> Ársfundur Umhverfisstofnunar Fundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarfunda Haustfundur Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga Vorfundur Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga Málþing um akstur utan vega Ráðstefna um hávaða í umhverfi barna	UST-2005:07 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga : Örverufræðileg gæði á eggjum, eggjavörum, rjómakremi og rjómabollum Rafræn útgáfa
Mengun frá skipum (Kristján Geirsson)	Auk þess fluttu starfsmenn stofnunarinnar fyrirlestra á fundum erlendis og á norrænum fundum innanlands.	UST-2005:08 Integrated monitoring at Litla-Skard, Iceland: project overview 1996-2004 Rafræn útgáfa
Mengun hafs og stranda (Kristján Geirsson)		UST-2005:09 Mývatn og Laxá (bæklingur, gefinn út á íslensku og ensku) Prentuð útgáfa
Merkingar matvæla, fullyrðingar, íblöndun og fæðubótarefni (Jóhanna E. Torfadóttir)		UST-2005:10 Lakagigar, Þjóðgarðurinn Skaftafell (bæklingur, gefinn út á íslensku og ensku) Prentuð útgáfa
Montrealbókunin (Heiðrún Guðmundsdóttir)		UST-2005:11 National Inventory Report, Iceland 2005: submitted under the United Nations framework convention on climate change Rafræn útgáfa
Ósoneyðandi kælimiðlar, lög og reglugerðir (Heiðrún Guðmundsdóttir)		UST-2005:12 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga : Örveruástand kjúklinga- kjöts, janúar – júní 2005 Rafræn útgáfa
Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir mjólkuriðnað (Albert S. Sigurðsson)		
Vatnsgæðavöktun á Litla Skarði (Albert S. Sigurðsson)		
Viðbragðsáætlanir og áhættumat (Kristján Geirsson)		
Vákort af suður- og vesturströnd Íslands (Kristján Geirsson)		
Virkni LUK-vefja (Albert S. Sigurðsson)		
Þjónusta við ferðamenn á friðlýstum svæðum (Árni Bragason)		
	UST-2005:01 UST og HES Samantekt eftirlitsáætlanra heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna fyrir matvælaeftirlit árið 2005 Prentuð útgáfa	
	UST-2005:02 Útreikningar á næringargildi, kjötmagni, viðbótarfitu og	

UST-2005:13 Þjóðgarðurinn Skaftafell  
(bæklingur, gefinn út á íslensku  
og ensku)  
Prentuð útgáfa

UST-2005:14 Eftirlit með varnarefnum í  
matvælum 2004  
Rafræn útgáfa

UST-2005:15 Eftirlitsverkefni  
Umhverfisstofnunar og  
Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga:  
Örveruástand svínakjöts, apríl  
- ágúst 2005  
Rafræn útgáfa

UST-2005:16 Var dagurinn góður? Fjöldi  
veiddra rjúpna er ekki fors-  
enda góðrar veiðiferðar  
Prentuð útgáfa

UST-2005:17 Uppbygging þjónustu-  
svæðis í mynni Ásbyrgis  
innan þjóðgarðsins í  
Jökulsárgljúfrum: Stefnumótun  
Prentuð útgáfa

UST-2005:18 Eftirlitsverkefni  
Umhverfisstofnunar og  
Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga:  
Örveruástand á grænmeti, maí  
- september 2005  
Rafræn útgáfa

UST-2005:19 Eftirlitsverkefni  
Umhverfisstofnunar og  
Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga:  
Örveruástand á grillkjöti  
og sviðum, júlí - október 2005  
Rafræn útgáfa

#### UPPLÝSINGA- OG STAÐREYNDARIT

Upplýsingar og staðreyndir, nr. 7, janúar 2005  
Gæludýr og dýrahald í atvinnuskyni  
Prentuð útgáfa

Upplýsingar og staðreyndir, nr. 8, mars 2005  
Samningur um alþjóðaverslun með tegundir  
dýra og plantna í útrýmingarhættu (CITES)  
Prentuð útgáfa

Upplýsingar og staðreyndir, nr. 9, maí 2005  
Tæming rotþróa.  
Prentuð útgáfa



Upplýsingar og staðreyndir, nr.10, júlí 2005  
Útfjólablá geislun sólar og þynning ósonlagsins  
Prentuð útgáfa

Upplýsingar og staðreyndir, nr. 11, október  
2005  
Mengun frá útiofnum: útiofnar, kamínur,  
eldstór kurlofnar og kolagrill  
Prentuð útgáfa

Upplýsingar og staðreyndir, nr. 12, október  
2005  
Nýjar reglur um merkingu matvæla  
Prentuð útgáfa

#### ÓNÚMERAÐAR ÚTGÁFUR OG SAMVINNUÚTGÁFUR

Akstur utan vega / Nature protection and  
driving in Iceland  
Prentuð útgáfa

Gestastofa og upplýsingamiðstöð í Ásbyrgi /  
í samstarfi við Gljúfrastofu  
Prentuð útgáfa

Góð ráð við grillið: Örugg matvæli allra  
hagur  
Prentuð útgáfa

Heimurinn minn: Umhverfisfræðsluvefur  
fyrir börn og unglunga. Unnin af Næst ehf í  
samráði við fulltrúa frá Umhverfisstofnun og  
Námsgagnastofnun.  
Rafræn útgáfa

Umhverfisstofnun - stefnumörkun.  
Febrúar 2005  
Prentuð útgáfa

Den 3:e nordiska tillsynskonferensen : sam-  
manfattnin : 28-29 januari 2005, Reykjavík,  
Ísland  
Rafræn útgáfa

Meeting on food supplements – Resumé  
from discussions.  
NMR  
Rafræn útgáfa

#### AUGLÝSINGAR OG REGLUGERÐIR SEM UMHVERFISSTOFNUN VANN AÐ

Auglýsingar og reglugerðir á svíði matvæla,  
mengunarvara, efna og efnavöru, hollustuháttá,  
náttúruverndar og veiðistjórnunar gefnar  
út á árinu 2005 af umhverfisráðuneyti.

Auglýsing nr. 1150/2005 um friðland í  
Guðlaugstungum  
Auglýsing nr. 1106/2005 um breytingu  
auglýsingar um takmörkun á innflutningi á  
tilteku grænmeti  
Reglugerð nr. 1161/2005 um breytingu á  
reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, nr.  
919/2002  
Reglugerð nr. 1154/2005 um breytingu  
á reglugerð nr. 728/2004 um fljótandi  
eldsneyti  
Reglugerð nr. 1078/2005 um tryggingar skipa  
og starfsemi á landi vegna brádamengunar  
Reglugerð nr. 1077/2005 um breytingu á  
reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir  
atvinnurekstur sem getur haft í för með sér  
mengun, með síðari breytingum  
Reglugerð nr. 1027/2005 um öryggisblöð  
Reglugerð nr. 1025/2005 um rokgjörn lífræn

efnasambönd í málningu, lakkí og efnim til lakkviðgerða ökutækja

Reglugerð nr. 1024/2005 um breytingu á reglugerð nr. 255/2002 um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna vegna notkunar á lífrænum leysiefnum í tiltekinni starfsemi

Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir

Reglugerð nr. 998/2005 um breytingu á reglugerð um varnarefnaleifar í matvælum

Reglugerð nr. 990/2005 um frjálsa þáttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkefi bandalagsins (EMAS)

Reglugerð nr. 978/2005 um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slik efni Reglugerð nr. 929/2005 um breytingu á reglugerð um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum nr. 359/1993, með síðari breytingum Reglugerð nr. 928/2005 um breytingu á reglugerð um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, nr. 568/2001

Reglugerð nr. 824/2005 um takmörkun á notkun skaðlegra gróðurhindrandi efna og/ eða búnaðar á skip Reglugerð nr. 800/2005 um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum með síðari breytingum

Reglugerð nr. 683/2005 um breytingu á reglugerð um fæðubótarefni, nr. 624/2004 Reglugerð nr. 681/2005 um merkingu innihaldsefna matvæla

Reglugerð nr. 674/2005 um breytingu á reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti Reglugerð nr. 607/2005 um breytingu á reglugerð nr. 942/2002, um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, með síðari breytingum Reglugerð nr. 564/2005 um breytingu á

reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu

Reglugerð nr. 563/2005 um breytingu á reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun sýna

Reglugerð nr. 562/2005 um breytingu á reglugerð nr. 609/1996 með síðari breytingum, um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs

Reglugerð nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands

Reglugerð nr. 508/2005 um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum

Reglugerð nr. 505/2005 um breytingu á reglugerð nr. 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum

Reglugerð nr. 504/2005 um breytingu á reglugerð um efni og hluti úr plasti

Reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla Reglugerð nr. 500/2005 um breytingu á reglugerð um aukefni í matvælum

Reglugerð nr. 478/2005 um breytingu á reglugerð um merkingu næringargildis matvæla, nr. 586/1993

Reglugerð nr. 466/2005 um breytingu á reglugerð nr. 857/1999, um bann við notkun tiltekinnar eiturefna og hættulegra efna

Reglugerð nr. 439/2005 um gildistöku tiltekinnar gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum

Reglugerð nr. 431/2005 um breytingu á reglugerð nr. 464/2001, um takmörkun á nikkeli í tilteknun vorum

Reglugerð nr. 414/2005 um breytingu á reglugerð um aukefni í matvælum

Reglugerð nr. 413/2005 um breytingu á reglugerð um bragðefni í matvælum

Reglugerð nr. 385/2005 um breytingu á reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur, með síðari breytingu

Reglugerð nr. 367/2005 um breytingu á reglugerð nr. 879/2004 um Skaftafellsþjóðgarð

Reglugerð nr. 331/2005 um kjöt og kjötvörur

Reglugerð nr. 224/2005 um gildistöku EES-gerða um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og frá Evrópubandalaginu Reglugerð nr. 56/2005 um breytingu á reglugerð nr. 411/2004 um ýmis aðskotaefni í matvælum

Reglugerð nr. 22/2005 um breytingu á reglugerð nr. 744/2003 um notkun og bann við notkun tiltekinnar efna við meðhöndlun á textil- og leðurvörum

Reglugerð nr. 5/2005 um breytingu á reglugerð nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu

#### Einnig voru gefnar út nýjar reglugerðir sem tengjast starfssviði stofnunarinnar:

Reglugerð nr. 554/2005 um samvinnunefnd um málefni norðurslóða

Reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum

Reglugerð nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald

Reglugerð nr. 1128/2005 um fjárhagslegan stuðning við sveitarfélög vegna einkaframkvæmda (eignar- og rekstrarleigu) á sviði fráveitumála á árinu 2005

#### Útgefnar gjaldskrár af umhverfisráðuneytinu

Gjaldskrá Umhverfisstofnunar

Gjaldskrá vegna framkvæmdar á samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.





